

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 207 frá 7. apríl 2006 um túlkun 76. gr. og 3. mgr. 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, svo og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, varðandi skörun fjölskyldubóta og -greiðslna ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.81 (ákvörðun nr. 205) í VI. viðauka við samninginn:

„3.82. **32006 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 207 frá 7. apríl 2006 um túlkun 76. gr. og 3. mgr. 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, svo og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, varðandi skörun fjölskyldubóta og -greiðslna (Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 83).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 207, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 83.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.